

Sp.

270. Breytingartillaga

[125. mál]

við till. til þál. um skipulagðar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að koma nú þegar á samstarfshópi löggæslu- og tollgæslumanna er samræmi og skipuleggi auknar aðgerðir gegn ólöglegum innflutningi og dreifingu ávana- og fíkniefna og athugi nýjar rannsóknaraðferðir í fíkniefnamálum.

Dómsmálaráðherra tilnefni formann samstarfshópsins, en að öðru leyti skulu aðilar tilnefndir af lögreglu- og tollgæslufirvöldum í helstu þéttbýliskjörnum landsins er nú starfa að ávana- og fíkniefnamálum.

Samstarfshópurinn vinni í nánu samstarfi við löggæslu- og tollgæslumenn í öðrum lögsagnarumdæmum og tollhöfnum úti um allt land.

Samstarfshópurinn fái einnig það verkefni að gera tillögur um úrbætur á sviði toll- og löggæslu sem nauðsynlegar kunna að reynast til að fyrirbyggja dreifingu og innflutning fíkniefna. Niðurstöðum skal skila til dómsmálaráðuneytisins eigi síðar en 1. mars n. k.